

Ágæta skógræktarfolk

Velkomin á Djúpavog

Skógræktarfélag Djúpavogs var stofnað á sumardaginn fyrsta árið 1952 fyrstu árin var lítið gert annað en girða af svæðið og setja niður plöntur, þá var þumalputtareglan sú að planta þétt af því að önnur hver planta mundi drepast, en það lifði næstum allt og þess vegna varð að grisja svo fært yrði um skóginn. Það var séra Trausti Pétursson sem var formaður fyrstu 30 árin, og þegar hann hætti hér sem prestur 1982, hélt hann kveðjumessuna í Skógræktinni. Það var árið 1995 sem byrjað var að gera göngustíga, þá hafði að vísu verið merkt tré sem átti að fella og eitthvað var byrjað að grisja fyrr. Leikskólinn Bjarkatún hefur haft listaverkasýningar í Hálsaskógi nær öll sumur frá 2002 og hefur það vakið mikla athygli og verið virkilega gaman að ganga með börnunum og leifa þeim að sýna verkin sín. 2008 var Hálsaskógur gerður að opnum skógi þá var heilmikið unnið sett kurl á stígana og gert leiksvið og samkomulundur. 2009 kom klósett í Hálsaskóg. og núna höfum við haft sjálfboðalið í hálfan mánuð, alveg hörku duglegt fólk, sem hefur hjálpað okkur að undirbúa skóginn fyrir komu ykkar. Þetta er búin að vera mikill undirbúningur og þeir sem hafa styrkt okkur eru

Landgræðslusjóður

Djúpavogshreppur

Umhverfis og auðlindarráðuneytið

Búlandstindur

Kvenfélagið Vaka

Hótel Framtíð

Ósnes

Við Voginn

Papeyjarferðir

Og þökkum við þeim mikið vel fyrir.

Takk fyrir